
Rúbín Kaffi

Morgunblaðið

Betri netumsjón
NÝHERJI
Borgartúni 37
Sími 569 7700
IBM netþjónar

MORGUNBLAÐIÐ, KRINGLUNNI 1, 103 REYKJAVÍK, SÍMI 569 1100, SÍMBRÉF 569 1181, PÓSTHÓLF 3040,
ÁSKRIFT-AFGREIÐSLA 569 1122, NETFANG: RITSTJ@MBL.IS, AKUREYRI: KAUPVANGSSTRÆTI 1

ÞRIÐJUDAGUR 20. JANÚAR 2004 | VERÐ Í LAUSASÖLU 190 KR. MEÐ VSK.



Gestir Ólafs keyptu verk

FJÖLMARGIR erlendir gestir komu til landsins til að vera við opnun sýningar Ólafs Elíassonar um helgina, og notuðu tímann hér á landi til að kynna sér aðra íslenska myndlist.

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafnsins, segir að erlendu gestirnir hafi verið mjög ánægðir með það sem þeir sáu af íslenskri myndlist, en eftir eigi að koma í ljós hverju heimsóknin skili til lengri tíma litið.

Edda Jónsdóttir, galleristi í i8 og umboðsmaður Ólafs hér á landi, segir að um helgina hafi galleríið fyllst af áhugaverðu fólki, sem komið var til að skoða og kaupa íslenska myndlist.

■ Erlendir/26

Samúræjasverð gerð upptæk

LÖGREGLAN á Sauðárkróki lagði á laugardagskvöld hald á tvö samúræjasverð og eitt heimasmíðað sverð í heimahúsi í bænum. Að sögn lögreglu var óskað aðstoðar vegna heimiliserja og fékk lögregla upplýsingar um að vopn væru í húsinu og að þeim kynni að verða beitt.

Vopnin voru gerð upptæk mótþróalaust en þess má geta að blöðin á sverðunum eru um metra löng, flugbeitt og oddhvöss. Hafði lögreglumaður á orði að sér hefði brugðið mjög þegar hann dró sverðin úr slíðrum og sá hversu beitt eggin var.

Lausir úr gæsluvarðhaldi

TVEIR menn sem grunaðir eru um vopnað bankarán í útibúi SPRON við Hátún hinn 9. janúar voru leystir úr gæsluvarðhaldi í gær. Lögreglan í Reykjavík, sem rannsakar málið, fór ekki fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir þeim. Beðið er niðurstöðu DNA-rannsóknar í Noregi á ýmsum sönnunargögnum, þar á meðal nælonsokk sem talinn er hafa verið notaður sem andlitsgríma í ráninu.

Niðurskurður á LSH snertir rúmlega 500 starfsmenn að mati BHM

50 verður sagt upp

NÚ liggur fyrir að alls verður ársverkum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fækkað um 180, samkvæmt upplýsingum Jóhannesar Gunnarssonar, lækningaforstjóra LSH. Dreifist niðurskurðurinn á allar starfsgreinar og öll svið sjúkrahússins. Jóhannes segir að 50 manns verði sagt upp um næstu mánaðamót, en að mestu leyti verði ársverkunum fækkað með eðlilegri starfsmannaveltu, endurskoðun á starfshlutfalli og eins verði vaktakerfi endurskipulögð og bakvöktum fækkað. Alls verður ársverkum lækna fækkað um 25 og ársverkum hjúkrunarfræðinga um 22. Segir Jóhannes tölurnar eitthvað lægri fyrir sjúkraliða.

Að mati Bandalags háskólamanna munu sparnaðaraðgerðirnar snerta í heildina um 500 manns. Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, segir að beinar uppsagnir muni koma niður á átján félögum í aðildarfélögum bandalagsins, en í gær fundaði yfirstjórn spítalans með trúnaðarmönnum þriggja stéttarfélaga. Telur Halldóra að aðrar breytingar snerti um 250 félagsmenn, en í heild hafi aðgerðirnar áhrif á störf og kjör um 500 einstaklinga.

Langflestar uppsagnir verða á endurhæfingarsviðinu, en því tilheyra stoðstéttir eins og sálfræðingar, prestar og sjúkraþjálfarar sem starfa á öllum deildum. Í upphafi var stefnt að því að fækka ársverkum á endurhæfingarsviði um 75, en Jóhannes segir að í raun verði ekki fækkað um svo mörg störf.

Við niðurskurðinn hafi verið reynt að varðveita bráðastarfsemi sjúkrahússins, eins mikið og kostur var, sem og störf sem aðrir fást ekki við. Þannig hafi verið reynt að láta niðurskurðinn hafa sem minnst áhrif þótt Jóhannes segi að áhrifin séu slæm alls staðar þar sem niðurskurði sé beitt.

Stefnt er að því að spara 900 milljónir króna. Segir Jóhannes að uppsagnarbréf verði send út fyrir mánaðamót og á morgun verði endanlega kynnt hvar niðurskurðarhnífnum verði beitt.

■ Aðgerðir/10



Morgunblaðið/Jón G. Guðjónsson

Búrhval rak á land í Trékyllisvík

BÚRHVAL rak á land í Trékyllisvík í Árneshreppi rétt neðan við bæinn Mela í fyrrinótt og var hann dauður þegar bóndinn á Melum, Björn G. Torfason, kom að honum í gærmorgun í fjörunni. Um er að ræða karldýr, 14,5 m að lengd.

Að sögn Björns leggur litla lykt af skepnunni sem bendir til þess að hún hafi ekki verið dauð lengi. Hafrannsóknastofnun hefur verið gert viðvart um hvalrekann og stendur til að senda sýni úr hvalnum suður til Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun rekur árlega um 5–10 stórhveli á land á Íslandi en það sem af er þessu ári hefur tvo búrhvali rekið á fjöru hér á landi. Fyrr í þessum mánuði rak búrhvalskálf á Landeyjafjöru í Vestur-Landeyjum.

Mikið hefur dregið úr hækkun íbúðaverðs að undanförnu

Verð á fasteignum hækkaði um 0,2% á seinustu þremur mánuðum


MJÖG hefur dregið úr hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum mánuðum, ef marka má vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, sem Fasteignamat ríkisins birtir mánaðarlega, en vísitalan lækkaði um hálft prósentustig í desembermánuði frá mánuðinum á undan.

Þetta kemur skýrt fram þegar verðlagsþróun á húsnæði er skoðuð lengra aftur í tímann. Þannig hefur verðið hækkað um 0,2% síðustu þrjá mánuðina, samkvæmt vísitölunni, og verðhækkunin nemur 0,7% þegar horft er til síðustu sex mánaða eða síðari hluta síðasta árs, ársins 2003.

Önnur mynd blasir hins vegar við þegar verðþróun á húsnæði er skoðuð lengra aftur í tímann, því síðustu tólf mánuði hefur verð á íbúðarhúsnæði í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 8,5% samkvæmt vísitölu Fasteignamatsins.

110 þúsund fasteignamatsseðlar sendir út

Vísitalan var 149,5 í desember fyrir ári, en er 162,2 nú, sem jafngildir 8,5% hækkun. Sambærileg hækkun varð á vísitölunni á árinu 2002, en þá hækkaði verð á húsnæði í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um rúm 8%. Hækkunin á árinu 2001 var hins vegar mun minni eða 3,5%.



Fasteignamat íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í landinu er endurskoðað árlega og er nú verið að senda út seðla með nýju fasteignamati sem gildir í ár. Alls eru sendir út um 110 þúsund seðlar til eigenda fasteigna um allt land, en fasteignamat á að endurspegla gangverð fasteignar umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hafi í kaupum og sölu. Hækkun matsins nú milli ára er almennt 10%, en þó er hún nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum. Þannig hækkar fasteignamatið mest um 20% á Egilsstöðum, í Hveragerði og í þéttbýli í Fjarðabyggð.

Laumufarþegar með Skógafossi

ÞRÍR laumufarþegar voru um borð í Skógafossi Eimskipafélagsins sem lagðist að bryggju í hafnarbænum Argentia á Nýfundnalandi um helgina, samkvæmt frétt frá kanadíska ríkisútvarpinu. Tveimur þeirra tókst að flýja frá borði en þeir náðust fljótt og sá þriðji var handsamaður um borð.

Mennirnir eru í vörslu yfirvalda og munu vera frá Erítreu í Afríku, Írak og Íran. Vísbendingar eru um að Írakinn hafi yfirgefið land sitt í maí í fyrra en ekki er ljóst hvenær mennirnir fóru um borð í skipið.

Mennirnir höfðust við í vélarrúminu á leiðinni yfir Atlantshafið og gátu náð sér í vatn með því að sleikja rakann af veggjum vélarrúmsins, samkvæmt kanadíska útvarpinu.